

Ytra mat grunnskóla

Valsárskóli

Mars 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Svalbarðsstrandarhrepp.

Höfundar: Gunnhildur Harðardóttir og Svanhildur María Ólafsdóttir

© Menntamálastofnun, 2021

ISBN 978-9979-0-2617-4

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Valsárskóla	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	10
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	12
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	12
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	13
Þáttur 2 – Nám og kennsla	14
2.1 Inntak og námskrá	14
2.2 Árangur náms	14
2.3 Gæði kennslu	16
2.4 Skipulag náms.....	17
2.5 Námsvitund	19
2.6 Ábyrgð og þátttaka	19
Þáttur 3 – Innra mat	21
3.1 Skipulag.....	21
3.2 Framkvæmd.....	21
3.3 Umbætur	21

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Valsárskóla í Svalbarðsstrandarhreppi sem fór fram í mars 2021. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla* og *innra mat*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og sveitarstjórn að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stjórnendur eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu.
- Stefna aðalnámskrár, þar með taldir grunnþættir menntunar, er sýnileg í stefnu skólans.
- Skólastjóri leggur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu og að skapa jákvæða mynd af skólanum í samfélaginu.
- Almenn ánægja ríkir með stjórnun skólans.
- Starfsfólk fær svigrúm til endurmenntunar.
- Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2020–2021 liggur fyrir.
- Starfsmannahópurinn lítur á sig sem eina liðsheild.
- Upplýsingastreymi frá skólastjóra til skólasamfélagsins er gott.
- Gott samstarf er við grenndarsamfélagið.
- Skólastjóri stuðlar að því að unnið sé samkvæmt lögum, reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár.
- Sérstaða skólans er skýr í hugum skólasamfélagsins.
- Starfsþróunarsamtöl fara fram minnst einu sinni á ári.
- Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta.

Tækifæri til umbóta

- Kennarar geri skólastjóra grein fyrir því með hvaða hætti þeir geti auki gæði náms og kennslu nemenda.
- Skrá verklag yfir það með hvaða hætti gögn um námsárangur, líðan nemenda, niðurstöður kannana og skimana eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda.
- Auka ábyrgð og þátttöku starfsfólks í verkefnum eins og þróunarvinnu og innra mati.
- Skólastjóri fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Skrá og birta opinberlega gögn sem sýna framgang þróunarvinnu, mat á verkefnum og fundargerðir verkefna.
- Huga þarf að aðkomu allra hagsmunaaðila við endurskoðun á skólastefnu.
- Skipa þarf fulltrúa grenndarsamfélagsins í skólaráð.
- Skrá þarf verklag yfir það með hvaða hætti upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.
- Fylgja þarf niðurstöðum úr könnunum og prófum ytri aðila markvisst eftir með tilliti til framfara hvers og eins nemanda.
- Kynna einkunnarorð skólans betur fyrir nemendum og gera þau sýnilegri í skólastarfinu.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Námsvísar og markmið náms eru greinargóð og byggja á stefnu skólans og aðalnámskrá.
- Skólastjóri og kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður náms til að efla framfarir og nám nemenda.
- Stefna skólans um kennsluhætti var almennt sýnileg í vettvangsathugunum.
- Fagmennska og kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg.
- Stefna um sérstakan stuðning við nemendur er birt á heimasíðu.
- Fjórir þættir í könnun Skólapúlsins eru yfir landsmeðaltali en þeir eru ánægja af lestri, áhugi á stærðfræði, agi í tímum og samband nemenda við kennara.
- Ánægja foreldra með nám og kennslu er marktækt fyrir ofan landsmeðaltal í könnun Skólapúlsins.
- Umsjónarkennari veitir foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- Samskipti á milli nemenda og kennara eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð til að efla lýðræðisleg vinnubrögð meðal nemenda á bekkjarfundum og skólaþingum.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í námi og kennslu nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Skrá í námsvísa og kennsluáætlanir hvernig tilhögun og framkvæmd námsaðlögunar og stuðnings er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.
- Gera formlega áætlun um hvernig bregðast skuli við niðurstöðum prófa og skimana og setja fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í námsvísunum og skólanámskrá.
- Vinna markvisst með grunnþætti menntunar og markmið í námi og kennslu jafnframt því að þjálfa nemendur í að meta eigin framfarir í námi.
- Skýra betur og setja fram verkáætlun um sérstakan stuðning, námsaðlögun og einstaklingsnámskrá í samræmi við stefnu skólans.
- Vinna einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða að markmiðum, endurmats og árangurs og hafa foreldra og nemendur með í ráðum þar sem við á.
- Efla og þjálfa nemendur í að gera sér betur grein fyrir hlutverki sínu og áhrifum sem þeir geta haft á námsumhverfið og námstilhögun.
- Huga að virkum námstíma nemenda í kennslustundum.
- Gæta þess að kennslustundafjöldi í námsgreinum uppfylli viðmiðunarstundaskrá.
- Huga að því að nemendur í tónlistarnámi missi ekki ávallt af kennslustundum í sömu námsgrein.
- Vinna með og efla námsvitund nemenda hvað varðar áhugasvið, hæfileika, námsstíl og trú á eigin námsgetu.
- Þjálfa nemendur til að taka þátt í skólaráði og öðrum nefndum á vegum skólans.
- Skrá og birta formlegt verklag um það hvernig fulltrúar nemenda í stjórnnum og nefndum koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.

Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat er álitíð mikilvægt og bera matsáætlanir þess merki.
- Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu og viðfangsefnum skólans.
- Í matsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Fyrir liggur skammtíma- og langtímaáætlun um innra mat.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila sem koma að skólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Nýta markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur og upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur.
- Meta stefnu skólans með skilgreindum viðmiðum um árangur fyrir hvert markmið.
- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Valsárskóla

Valsárskóli er á Svalbarðsströnd í Suður-Þingeyjarsýslu við austanverðan Eyjafjörð. Skólahverfið liggur frá Veigastöðum í suðri til Garðsvíkur í norðri. Saga skólahalds á Svalbarðsströnd nær samkvæmt heimildum aftur til ársins 1902. Farskóli var rekinn frá því að fræðslulögin voru sett árið 1907 og fram til ársins 1922 þegar lokið var við byggingu samkomuhúss hreppsins sem nýtt var sem skólahús á vetrum til ársins 1970 þegar nýtt húsnæði var tekið í notkun en unglingastig stundaði nám á Hrafnagili. Árið 1995 var starfsemin öll flutt í nýtt skólahúsnæði og fékk skólinn þá nafnið Valsárskóli. Sundkennsla fer fram á haustin og vorin í sundlaug Svalbarðsstrandarhrepps sem byggð var 1931 en íþróttakennsla fer fram í sal sem einnig er nýttur sem samkomusalur sveitarfélagsins.

Einkunnarorð skólans eru umhyggja, virðing, metnaður og gleði.

Skólinn fór í ytri úttekt á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2012. Umfjöllun um matið er að finna í skýrslunni.

Á vorönn skólaárið 2020–2021 voru 49 nemendur í skólanum. Valsárskóli er samkennsluskóli þar sem nemendum er kennt í fimm námshópum. Nemendur Valsárskóla koma bæði úr dreifbýli og þéttbýli.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	5	3	9	4	7	4	2	7	6	2
Fjöldi bekkjardeilda	1		1		1		1		1	
Samkennsluhópar	1		1		1		1		1	

Starfsmenn skólans eru 18 talsins. Skólastjóri sinnir auk stjórnunar kennslu í átta kennslustundir á viku. Kennarar skólans eru níu, þar af er einn kennari í 20% verkefnastjórn en aðrir kennarar eru í 100% stöðuhlutfalli. Við skólann er starfandi náms- og starfsráðgjafi í 20% starfshlutfalli og tveir starfsmenn í fullu starfi vinna við mötuneyti skólans sem einnig er starfrækt fyrir leikskólann. Stuðningsfulltrúar eru tveir í 1,20% stöðugildum samtals og skólaliðar eru þrír í 2,15 stöðugildum. Nýr skólastjóri hóf formlega störf við skólann 1. ágúst 2020.

Við skólann er starfandi frístundaheimilið Vinaborg sem skólastjóri ber ábyrgð á en er undir daglegri stjórn umsjónarmanns.

Í skólanum eru sex nemendur af erlendum uppruna og/eða hafa annað móðurmál en íslensku. Einn nemandi skólans stundar nám á öðru skólastigi. Tæplega helmingur nemenda við skólann, 23 eða 47%, stundar tónlistarnám.

Engar kennslustundir hafa verið felldar niður hjá nemendum það sem af er skólaárinu fyrir utan stundir sem féllu niður vegna Covid-19. Skóla var lokað í einn dag vegna Covid-19. Dagleg kennsla var skert vegna Covid-19 í 34 daga hjá 5., 6., 7., 8., 9. og 10. bekk. Kennt var í 4 klukkustundir á dag. Kennsla féll niður í 34 daga í íþróttum, smíðum og list- og verkgreinavali vegna Covid-19. Fjarkennsla var ekki veitt vegna Covid-19 fyrir utan nemanda sem var að hluta í fjarkennslu og tók með þeim hætti þátt í námi og kennslu á rauntíma.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

Ytra mat á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis var gert á skólastarfi Valsárskóla árið 2012.

Skýrsluna er að finna á heimasíðu skólans á slóðinni

<https://www.msha.is/static/files/skyrslur/matsskyrsla-valsarskoli.pdf>

Niðurstöður matsins sýndu styrkleika skólans ásamt umbótaþáttum. Á heimasíðu skólans er hvorki að finna sjálfsmatsskýrslur né umbótaáætlanir frá síðastliðnum árum. Í þessari skýrslu verður bent á þá umbótaþætti sem ekki hafa náð að festa sig í sessi frá fyrra mati og þarfnast því enn umbóta.

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Skólastjóri stuðlar að því að unnið sé samkvæmt lögum, reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár. Starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og er birt á heimasíðu skólans. Stefna skólans byggir á skólastefnu Svalbarðseyrarhrepps, uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* og grunnþáttum menntunar skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Fram kemur í skólanámskrá hver sérstaða skólans er.

Einkunnarorð skólans, *umhyggja, virðing, metnaður og gleði*, eiga að endurspeglar allt skólastarfið og samskipti.

Gildandi skólastefna sveitarfélagsins nær til Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar, leikskólans Álfaborgar og Valsárskóla. Hver skóli markar eigin stefnu í skólastarfinu samkvæmt lögum og reglugerðum. Skólastjóri Valsárskóla hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans. Samkvæmt samtali við skólastjóra var stefna skólans endurskoðuð á haustdögum á tveimur kennarafundum, starfsmannafundi og á fundi með leikskólanum Álfaborg. Þá hefur stefnan verið kynnt á skólanefndarfundi og send á skólaráð og foreldra til umfjöllunar.

Umfjöllun um mat á framgangi skólastefnu skólans er hvorki að finna í gögnum skólans né skráð hver aðkoma hagsmunaaðila er að stefnumótun.

Stefna aðalnámskrár, þar með taldir grunnþættir menntunar, er sýnileg í stefnu skólans en samkvæmt rýnihópaviðtali við nemendur eru þeir fremur ómeðvitaðir um grunnþættina. Eldri nemendur telja sig hafa heyrt minnst á grunnþættina í samfélagsfræðikennslu en er ekki ljóst með hvaða hætti þeir birtast í námi þeirra.

Í rýnihópaviðtölum kom fram að sérstaða skólans er skýr og var samhljómur í því sem fram kom. Bent var á að útikennsla, leiðtogaþjálfun, stærð skólans og að nemendur greiða ekki fyrir skólamáltíðir væri það sem einkenndi skólastarfið. Þá kom fram hjá nemendum að einkunnarorð skólans eru þeim ekki töm.

Þá kom einnig fram í rýnihópaviðtölum við foreldra¹ að stefna skólans og sýn eru kynnt í byrjun skólaárs á fundum með skólastjóra og kennurum. Í umfjöllun um stefnu skólans kom fram að þeir hefðu ekki aðkomu að endurskoðun en nefndu að skólastjóri væri að skoða stefnuna.

Í daglegu tali og frétttaflutningi leggur skólastjóri áherslu á það jákvæða í skólastarfinu ásamt því að skapa jákvæða mynd af skólanum í samfélaginu.

Í áætlunum um nám og kennslu er í ýmsum námsgreinum gerð grein fyrir því með hvaða hætti er unnið með þætti innan stefnu skólans eins og *Byrjendalæsi* og *Læsi til náms*. Þá kemur skýrt fram í námsvísi um leiðtogaþjálfun með hvaða hætti unnið er með hæfniviðmið sem snúa að lykilhæfni nemenda.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Skólastjóri skapar svigrúm til starfsþróunar starfsfólks innan og utan skóla. Samstarfs- og símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2020–2021 er að finna í starfsáætlun skólans og samanstendur af námskeiðum og fræðslu sem ætluð er starfsfólki. Samkvæmt áætluninni metur skólastjóri almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats.

Reglulega eru haldnir samstarfsfundir með kennurum þar sem ræddir eru þættir er snúa að starfsþróun og sí- og endurmenntun. Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði þar sem umræða um skólastarfið fer fram. Í rýnihópaviðtali við starfsfólk kom fram að það fær ábendingar frá skólastjóra um námskeið sem það getur sótt, til dæmis á vegum sveitarfélagsins. Fundaáætlun fyrir önnina liggur fyrir.

Í rýnihópum starfsfólks kom fram að starfsmannahópurinn lítur á sig sem eina liðsheild og að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð innan skólans. Fram kom að starfsfólk er ánægt með upplýsingastreymi frá skólastjóra er snýr að daglegu starfi og skipulagi og nefndi starfsfólkið sem dæmi ítarlega tölvupósta sem berast á fimmtudögum.

Fram kom í viðtölum við kennara að óski þeir eftir ráðgjöf og leiðbeiningum til að nýta niðurstöður og gögn til frekari úrvinnslu sé komið til móts við þá.

Séð er til þess að niðurstöður nemenda úr könnunum og prófum frá ytri aðilum séu skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum. Fylgst er með þróun á árangri prófa milli ára en niðurstöður eru ekki markvisst skoðaðar með tilliti til framfara hvers og eins nemanda.

Kennarar gera skólastjóra ekki grein fyrir því á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu með reglubundnum hætti.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Skólastjóri vinnur að því að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, bæði formleg og óformleg. Lögð er áhersla á að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum. Upplýsingar um skólastarfið berast til skólasamfélagsins með föstudagspóstum frá kennurum og reglulegum póstum frá skólastjóra. Leitað er eftir sýn foreldra og nemenda á skólastarfið með könnunum. Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í skólastarfinu. Í rýnihópaviðtölum við foreldra kom fram að þeir höfðu ekki haft aðkomu að endurskoðun skólastefnunnar.

¹ Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra og aðra forsjáraðila.

Fram kom í foreldrakönnun Skólapúlsins² að ánægja foreldra með samskipti starfsfólks skólans við nemendur mælist yfir landsmeðaltali. Í opnum svörum foreldra kemur fram að góð samskipti séu milli þeirra, kennara og skólastjóra.

Formlegar samskiptaleiðir milli foreldra og skóla er að finna í starfsáætlun skólans og fundar skólastjóri með foreldrum með bæði formlegum og óformlegum hætti. Fram kom í viðtölum við foreldra að þeir hefðu ekki fengið kynningu á reglugerð sem snýr að sameiginlegri ábyrgð skóla og foreldra á jákvæðum skólabrag.

Skólaráð starfar samkvæmt reglugerð og fundar tvisvar sinnum á skólaárinu og á heimasíðu skólans er að finna drög að starfsreglum sameiginlegs skólaráðs grunnskólans og leikskólans Álfaborgar. Skólaráð var skipað á haustdögum og er skipað fulltrúum nemenda, foreldra og starfsmanna en ekki fulltrúa frá grenndarsamfélaginu. Skólaráð hefur ekki haldið formlegan fund með skólasamfélaginu eins og mælt er til í reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008. Á heimasíðu skólans er að finna fundargerðir þessa skólaárs ásamt starfsáætlun ráðsins fyrir skólaárið.

Upplýsingar um stoðþjónustu skólans er að finna í skólanámskrá. Þar koma fram almennar upplýsingar um þau úrræði sem standa nemendum til boða og um samvinnu sveitarfélagsins við fræðsluvið Akureyrarbæjar varðandi stoðþjónustu. Fram kom í rýnihópaviðtölum við foreldra að þeim væru ekki formlega kynnt þau úrræði sem skólinn hefði upp á að bjóða nema foreldrar leituðu eftir upplýsingum.

Valsárskóli er í samstarfi við Menntaskólann á Akureyri, Verkmenntaskólann á Akureyri, Framhaldsskólann á Laugum og Menntaskólann á Tröllaskaga sem snýr fyrst og fremst að því að kynna nemendum þær námsbrautir og námsframboð sem þeim stendur til boða. Þá er skólinn einnig í samstarfi við leikskólann Álfaborg og Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar.

Samstarf við grenndarsamfélagið er ekki skráð en fram kom í viðtölum að það sé mjög fjölbreytt og var meðal annars bent á Safnasafnið, björgunarsveitina, ungmennafélagið og bændur í sveitarfélaginu.

Frístundaheimilið Vinaborg er fyrir nemendur í 1.–4. bekk. Starfsmenn Vinaborgar starfa sem stuðningsfulltrúar/skólaliðar við skólann en starfsemin heyrir undir stjórn skólastjóra. Upplýsingar um Vinaborg er að finna í starfsáætlun skólans.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er hluti af daglegu starfi skólastjóra og annarra starfsmanna. Ýmsar skimanir og kannanir, svo sem *Lesferill* og samræmd könnunarpróf, eru lagðar fyrir nemendur ásamt viðhorfskönnunum til að meta ferli og árangur skólustarfsins. Einnig eru kannanir Skólapúlsins lagðar fyrir starfsmenn og foreldra. Samkvæmt rýnihópaviðtali við kennara kemur fram að rýnt sé í niðurstöður kannana en hvorki sé gerð skrifleg áætlun um leiðir að umbótum né mælanlegum markmiðum.

Skólinn vinnur samkvæmt kennsluaðferðinni *Byrjendalæsi* og *Læsi til náms* og er það verkefni unnið undir leiðsögn Miðstöðvar skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri og snýr aðkoma hennar meðal annars að eftirfylgni með vinnubrögðum. Fram kom í viðtali við skólastjóra að starfsfólk skólans fái heimsóknir frá háskólanum fimm til sex sinnum á skólaárinu. Einnig kom fram að ákveðin verkefni hefðu verið sett til hliðar þetta skólaár svo unnt væri að vinna markvisst með önnur verkefni.

² Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

Skólastjóri og verkefnastjóri eiga aðkomu að þeim þróunarverkefnum sem skólinn vinnur að.

Fjallað er um þróunarstarf í starfsáætlun skólans en ekki er að finna gögn sem sýna framgang þróunarvinnu, mat á verkefnum og fundargerðir í opinberum gögnum skólans. Í símenntunaráætlun skólans er gert ráð fyrir starfsþróun verkefna en ekki er unnt að sjá með hvaða hætti umbótaþættir verkefna verða unnir.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið og lögbundnar áætlanir eru til staðar á heimasíðu skólans og sýna niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins að rúmlega 86% svarenda telja upplýsingar á síðunni vera frekar eða mjög gagnlegar.

Reglulegar kannanir meðal nemenda, starfsmanna og foreldra eru framkvæmdar á vegum Skólapúlsins. Niðurstöður foreldrakönnunar sem lögð var fyrir í mars 2021 sýna að 100% svarenda telja að skólanum sé mjög vel eða vel stjórnað. Könnun verður lögð fyrir starfsfólk á vorönn.

Fram komi í rýnihópaviðtölum við kennara og annað starfsfólk að sátt ríkir um daglegt skipulag og að aðgengi starfsfólks að skólastjóra er gott. Ferli um lausn ágreiningsmála er starfsfólki ekki ljóst en fram kemur í rýnihópaviðtölum við starfsfólk að það myndi leita til trúnaðarmanna, skólastjóra eða sveitarstjóra, allt eftir því hvernig málum er háttað.

Samkvæmt viðtali við skólastjóra voru skólareglur endurskoðaðar á haustdögum og tóku kennarar, nemendaráð, skólaráð og skólanefnd þátt í þeirri vinnu. Í framhaldi kynnti nemendaráð afurð vinnunnar á bekkjarfundum. Eins og fyrr segir starfar skólinn eftir uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* þar sem lögð er áhersla á forvarnir fremur en umbun og refsingar. Skólinn hefur sett fram eina sameiginlega reglu sem gildir fyrir allt skólasamfélagið: „Við, starfsfólk og nemendur Valsárskóla, viljum að öllum líði vel í skólanum, við viljum að allir séu öruggir, sinni sínu hlutverki og nýti hæfileika sína til góðs.“ Orðin *velliðan*, *metnaður* og *öruggi* eru lykilorð sem tengjast hegðun og framkomu hvers og eins. Þá hefur skólinn sett fram reglur er snúa að notkun snjalltækja og viðurlög við brotum á þeim.

Nemendaráð er starfrækt við skólann og skipað nemendum í 8.–10. bekk og fram kemur í starfsáætlun hvernig skipað er í stjórn ráðsins. Formaður og varaformaður nemendaráðs sitja sem fulltrúar nemenda í skólaráði.

Skólastjóri, í samstarfi við sveitarfélagið, fylgist með því að aðbúnaður í skólanum sé öruggur og að unnið sé að úrbótum. Í starfsmannahandbók skólans kemur fram að starfsfólk undirriti trúnaðaryfirlýsingu þegar það hefur störf við skólann. Leitað er eftir upplýsingum úr sakaskrá varðandi starfsfólk en verktakar sem vinna við skólann hafa ekki skrifað undir trúnaðaryfirlýsingu né hefur verið óskað eftir upplýsingum úr sakaskrá. Nemendur hafa fengið fræðslu um netöryggi.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Skólastjóri leggur áherslu á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta. Skólastjóri er eini stjórnandi skólans en með honum starfar verkefnastjóri í hlutastarfi. Skólastjóri og verkefnastjóri funda reglulega.

Skólastjóri fylgist óformlega með störfum allra starfsmanna. Fram kom í rýnihópaviðtölum að starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf og það upplifir að það sé metið að verðleikum.

Leitast er við að skipa kennslu niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar hvers kennara eins og mögulega verður við komið.

Fram kom í rýnihópaviðtölum að starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á skólaári og vel er tekið á móti nýliðum. Starfslýsingar starfsmanna er að finna í starfsmannahandbók skólans.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri sinnir eigin starfsþróun og hvetur starfsmenn til starfsþróunar. Mannauður skólans er vel nýttur. Í gögnum skólans er hvorki að finna hverjir eru ábyrgðaraðilar verkefna né hver aðkoma starfsfólks er að þeirri vinnu.

Fram kom að starfsfólk nýtur trausts og fær hvatningu og umboð til sinna starfa frá skólastjóra. Starfsfólki er veitt svigrúm til starfsþróunar og skólastjóri hvetur starfsfólk til að huga að heilsu sinni.

Styrkleikar

- Stjórnendur eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu.
- Stefna aðalnámskrár, þar með taldir grunnþættir menntunar, er sýnileg í stefnu skólans.
- Skólastjóri leggur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu og að skapa jákvæða mynd af skólanum í samfélaginu.
- Almenn ánægja ríkir með stjórnun skólans.
- Starfsfólk fær svigrúm til endurmenntunar.
- Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2020–2021 liggur fyrir.
- Starfsmannahópurinn lítur á sig sem eina liðsheild.
- Upplýsingastreymi frá skólastjóra til skólasamfélagsins er gott.
- Gott samstarf er við grenndarsamfélagið.
- Skólastjóri stuðlar að því að unnið sé samkvæmt lögum, reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár.
- Sérstaða skólans er skýr í hugum skólasamfélagsins.
- Starfsþróunarsamtöl fara fram minnst einu sinni á ári.
- Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta.

Tækifæri til umbóta

- Kennarar geri skólastjóra grein fyrir því með hvaða hætti þeir auki gæði náms og kennslu nemenda.
- Skrá verklag yfir það með hvaða hætti gögn um námsárangur, líðan nemenda, niðurstöður kannana og skimana eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda.
- Auka ábyrgð og þátttöku starfsfólks í verkefnum eins og þróunarvinnu og innra mati.
- Skólastjóri fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Skrá og birta opinberlega gögn sem sýna framgang þróunarvinnu, mat á verkefnum og fundargerðir verkefna.
- Huga þarf að aðkomu allra hagsmunaaðila við endurskoðun á skólastefnu.
- Skipa þarf fulltrúa grenndarsamfélagsins í skólaráð.
- Skrá þarf verklag yfir það með hvaða hætti upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.
- Fylgja þarf niðurstöðum úr könnunum og prófum ytri aðila markvisst eftir með tilliti til framfara hvers og eins nemanda.
- Kynna einkunnarorð skólans betur fyrir nemendum og gera þau sýnilegri í skólastarfinu.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Valsárskóli er fámennur grunnskóli þar sem kennslufyrirkomulagið er samkennsla og samþætting námsgreina að hluta til. Skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans og endurspeglar áherslur stjórnvalda með tilgreindum leiðum til að mæta þeim. Þar kemur fram stefna og sérstaða skólans, námsvísar, námsmat, innra mat og stuðningur við nemendur.

Gerð er grein fyrir því hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í stefnu skólans. Alla námsvísa samkennsluárganga er að finna í einu skjali á heimasíðu. Námsvísar og markmið náms eru greinargóð og byggja á stefnu skólans, helstu áhersluþáttum og aðalnámskrá. Þar koma fram hæfniviðmið, leiðir og námsmat. Lykilhæfni er metin og skráð í hæfnikort í Mentor en kemur ekki fram í námsvísum frekar en námsaðlögun og sérstakur stuðningur við nemendur.

Stefna um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram á heimasíðu skólans. Þar kemur fram hvernig stuðningi er háttað hvað varðar nám og líðan nemenda. Gerðar eru einstaklingsnámskrár þegar þurfa þykir. Á vettvangi var þó óljóst með hvaða hætti sérstakur stuðningur eða námsaðlögun fór fram. Námsvísar eru kynntir foreldrum á kynningarfundum.

2.2 Árangur náms


Fylgst er með námsárangri og þörfum nemenda og nemendahópa og brugðist við með það að markmiði að efla árangur og framfarir nemenda. Fram kom í rýnihópaviðtölum við skólastjóra og kennara að þeir rýna sameiginlega í niðurstöður náms til að efla framfarir og nám nemenda. Hins vegar hefur ekki verið gerð formleg áætlun um hvernig brugðist skuli við ef grípa þarf til aðgerða.

Á heimasíðu skólans má finna tímasett yfirlit yfir allar skimanir, próf og kannanir sem gerðar eru á hverju skólaári í hverjum árgangi. Þar má einnig finna stefnu skólans um námsmat. Í þessum skjölum sem og námsvísu er ekki að finna viðmið um námsmat eða árangur sem tengjast námsgreinum eða matskvarða. Fram kom að viðmið um námsárangur í verkefnum eru inni á Mentor þar sem nemendur og foreldrar geta fylgst með framförum.

Samræmd könnunarpróf


Skólinn birtir ekki greiningu á niðurstöðum samræmdra prófa í skýrslum sínum. Þegar færri en tíu nemendur eru í árgangi má ekki birta árlegar niðurstöður í skýrslunni en þá er uppsafnaður árangur árganga skólans birtur. Þannig er unnið úr samræmdum könnunarprófum í þessari skýrslu um Valsárskóla.

Uppsafnaður árangur 4. bekkjar í íslensku og stærðfræði fylgist nokkuð að. Árangur í íslensku helst við landsmeðaltal en árangur í stærðfræði er nokkuð undir landsmeðaltali og fer dalandi.




Mynd 1. Uppsafnaður árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Uppsafnaður árangur 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði fylgist að en er þó nokkuð undir landsmeðaltali.



Mynd 2. Uppsafnaður árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Uppsafnaður árangur 9. bekkjar í íslensku er við landsmeðaltal en árangur í ensku og stærðfræði er allnokkuð undir landsmeðaltali.



Mynd 3. Uppsafnaður árangur nemenda í 9. bekk í samræmdum prófum.


Skólinn nýtir matstækið *Lesferil* við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Lesfimi fimm árganga skólans er yfir landsmeðaltali, þrjú árgangar eru þó nokkuð undir landsmeðaltali og tveir árgangar um landsmeðaltal. Töluverðar sveiflur eru á milli árganga innan skólans varðandi meðaltal lesinna orða.

Eins og fyrr segir er könnunin Skólapúlsinn lögð fyrir nemendum í 6.–10. bekk til að kanna líðan þeirra í skólanum, virkni í námi og fá svör við almennum spurningum um skólastarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnar með nokkrum undirspurningum hver. Í niðurstöðum nemendakönnunar í febrúar 2021 kemur fram að svör nemenda skólans eru sambærileg og svör annarra nemenda í 19 af 20 þáttum. Af þessum 19 þáttum eru fjórir þættir yfir landsmeðaltali en þeir eru ánægja af lestri, áhugi á stærðfræði, agi í tímum og samband nemenda við kennara, en sá þáttur sem snýr að trú nemenda á eigin námsgetu er marktækt undir landsmeðali. Einelti og tíðni eineltis mælist rétt fyrir ofan landsmeðaltal en ekki er um marktækan mun að ræða. Í niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins kemur fram að ánægja foreldra með nám og kennslu er marktækt yfir landsmeðaltali.

2.3 Gæði kennslu

Kennslustundir í ytra mati eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjú flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Stefna skólans um kennsluhætti var að hluta til sýnileg í vettvangsathugunum. Matsaðilar sátu í 19 sextíu mínútna kennslustundum sem samsvarar um 28 fjörutíu mínútna kennslustundum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundir voru metnar góðar en nokkrar stundir þörfuðust úrbóta. Kennarar sýndu í flestum tilvikum fagmennsku og kennslufræðilega hæfni á vettvangi. Fræðandi kennslustundir voru í 18 af þeim stundum sem metnar voru eða í 95% stunda og ein stund var metin sem blanda af fræðandi og leiðbeinandi kennsluháttum. Stefnu skóla og sveitarfélags um fjölbreytta kennsluhætti mátti sjá í nokkrum þeirra stunda sem matsaðilar sátu.



Mynd 4. Kennsluáherslur.

Á vettvangi mátti sjá að skipulag kennslu og verkefna var í flestum tilvikum gott en huga þarf að virkum námstíma nemenda. Sjá mátti að kennsluáætlanir taka mið af námsvísunum og þar koma fram markmið, leiðir, viðfangsefni, hæfniviðmið og námsmat. Samkvæmt kennsluáætlunum tekur námsmat mið af kennsluháttum og tengist markmiðum og hæfniviðmiðum. Þá kom fram í rýnihópi kennara að unnið er með fjölbreytt námsmat, svo sem leiðsagnarmat og sjálfsmat, en í kennsluáætlunum er ekki að finna útskýringar á því hvað felst í þessum matsaðferðum.

Í námsvísunum eru talin upp atriði sem liggja til grundvallar námsmatinu eins og verkefni, virkni í tímum og mat á þátttöku nemenda. Þessi atriði eru ekki leiðsagnarmat heldur leiðir eða matsaðferðir sem geta nýst við leiðsagnarmatið. Fram þarf að koma á hvern hátt leiðsagnarmat er nýtt til reglulegrar endurgjafar til nemanda, ábendinga um stöðu, hvað hann kunni, geti gert betur og hvatningar til framfara.

Nemendur í rýnivíðtálshópi kannast við hugtökin sjálfsmat og leiðsagnarmat en virðast hvorki vera vanir að vinna með þau né heldur skilja hvað þau standa fyrir.

Í meirihluta þeirra kennslustunda sem matsaðilar sóttu var nemendum hvorki gerð grein fyrir markmiðum né hæfniviðmiðum sem unnið var með í stundinni.

Í fyrirbyggjandi kennsluáætlunum kemur yfirleitt ekki fram hvernig námsaðlögun er háttað. Eins og fyrr segir var óljóst á vettvangi á hvern hátt námsaðlögun eða stuðningur við einstaka nemendur fer fram. Fram kom í rýnihópaviðtölum við skólastjóra og kennara að námsaðlögun og stuðningur er sniðinn að þörfum nemenda og það gert í samráði við foreldra. Sérstakur stuðningur fer fram ýmist einstaklingslega eða í námshópi. Í einstaklingsnámskrám kemur fram hvernig tilhögun stuðnings við einstaka nemendur er háttað og þar koma meðal annars fram markmið, leiðir og mat en ekki er að finna mat á framgangi náms eða framförum nemenda..


Fram kom í rýnihópaviðtölum kennara og viðtölum við skólastjóra að komið er til móts við bráðgera nemendur með námsaðlögun í námshópum með krefjandi verkefnum. Einnig er nemendum gefinn kostur á að stunda nám í framhaldsskóla í ákveðnum námsgreinum. Á vettvangi var almennt ekki sýnilegt að bráðgerir nemendur fengju námsefni eða verkefni við hæfi.

2.4 Skipulag náms

Eins og fyrr segir er nemendum skipt í fimm samkennsluhópa; 1.–2. bekkur, 3.–4. bekkur, 5.–6. bekkur, 7.–8. bekkur og 9.–10. bekkur. Fjöldi nemenda í námshópum á vettvangi var frá sjö til ellefu.

Samskipti voru almennt jákvæð innan nemendahópsins og milli nemenda og kennara.

Kennslustundir eru skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Einstaklingsvinna nemenda var í 89% metinna kennslustunda og samvinna í um 11%.



Mynd 5. Námsathafnir.

Við ytra mat er horft til notkunar nemenda og kennara á upplýsingatækni í skólastarfi. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir upplýsingatækni að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Á vettvangi nýttu nemendur upplýsingatækni í 21% kennslustunda við upplýsingaleit í íslensku, þema og stærðfræði en kennarar nýttu upplýsingatækni í 42% kennslustunda.

Skóladagatal skólaársins 2020–2021 uppfyllir viðmið aðalnámskrár og nemendur í námshópum fá tilskilinn kennslustundafjölda á viku samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Þegar kennslustundafjöldi nemenda á stundaskrá er borinn saman við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár er óljóst hvort skólinn uppfyllir tilskilinn kennslustundafjölda í sumum námsgreinum, svo sem erlendum tungumálum, list- og verkgreinum og vali nemenda í 8.–10. bekk. Tónlistarnám fer fram á skólatíma nemenda en tæplega helmingur nemenda skólans fer úr lögboðinni kennslu í tónlistartíma.

Fram kom í rýnihópaviðtali við kennara að þeir vinna mikið til sjálfstætt hver með sinn samkennsluhóp þar sem hóparnir eru frekar fámennir. Á vettvangi kom fram að tveir kennarar vinna mikið saman og nýta teymiskennslu við nám og kennslu nemenda. Almennt vinna nemendur að samþættum og heildstæðum verkefnum og má þar nefna sem dæmi samþættingu samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku í þema.

Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð til að þjálfa lýðræðisleg vinnubrögð, má þar nefna vikulega bekkjarfundum og um það bil mánaðarleg skólaþing allra nemenda og starfsfólks skólans. Þar geta allir hlutaðeigandi lagt fram mál til umræðu, skoðanaskipta og ákvörðunar. Málin eru undirbúin á bekkjarfundum þar sem nemendur fá þjálfun í að undirbúa verkefni og leggja fram mál sem þeim eru hugleikin. Fram kemur á heimasíðu og í rýnihópaviðtölum við hagsmunaaðila að þar fái nemendur leiðtogaþjálfun í að kom fram og bera ábyrgð á framkvæmd verkefna.

Umsjónarkennari veitir formlega upplýsingar um námslega stöðu tvisvar á ári í nemendaviðtölum, auk þess sem foreldrar og nemendur hafa aðgang að námsframvindu í Mentor.

Grenndarsamfélagið er eins og fyrr segir markvisst nýtt í námi og kennslu nemenda, má þar nefna útikennslu, starfsnám og heimsóknir í fyrirtæki og á bóndabæi. Á heimasíðu er skráð hvernig

samskiptum við önnur skólastig er háttað, leikskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla. Þar kemur meðal annars fram að markvisst er unnið með samstarf leik- og grunnskóla og má þar nefna verkefni leikur að læra, útiskóli, íþróttir og forskóli í tónlist. Fram kemur á heimasíðu skólans og í rýnihópaviðtölum við kennara og skólastjóra að áhersla er lögð á útíkennslu. Í 1.–2. bekk er útiskóli vikulega í samstarfi við elstu árganga leikskólans Álfaborgar og í 3.–4. bekk er farið reglulega í útiskóla en í öðrum bekkjum er útíkennsla samþætt öðrum námsgreinum og unnið samkvæmt umhverfisstefnu sveitarfélagsins.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt nokkuð virkir í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru og unnu þeir að verkefnum eftir fyrirmælum kennara. Val um námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl var ekki sýnilegt í kennslustundum. Áhugasvið nemenda var heldur ekki sýnilegt í verkefnum nema að takmörkuðu leyti.

Þegar nemendur í rýnihópi voru spurðir hvort þeir fengju að ráða hvaða og hvernig verkefni þeir gerðu töldu þeir almennt að þeir hefðu lítið um það að segja. Oftast er það kennarinn sem ræður hvaða og hvernig verkefni eru unnin. Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir teldu sig fá að ráða með hvaða hætti þeir ynnu sögðu þeir að valið væri sjaldnast þeirra.

Fram kemur í rýnihópaviðtölum við kennara að unnið sé með markmið og að nemendum sé kennt að setja sér markmið í námi, aðallega í eldri námshópum (5.–10. bekk). Eins og fram hefur komið sögðu kennarar að unnið væri með fjölbreytt námsmat, svo sem leiðsagnarmat, sjálfsmat og jafningjamat. Fram kom í rýnihópi nemenda að þeim væru ekki ljós markmið og viðmið um árangur eða hvort unnið væri með sjálfsmat, leiðsagnarmat eða jafningjamat. Í úttekt ytra mats á skólanum árið 2012 kom fram að kenna þyrfti nemendum að setja sér markmið í daglegu starfi. Þá kom einnig fram að taka þyrfti meira tillit til áhuga og hæfileika nemenda og stuðla enn frekar að aukinni ábyrgð þeirra á eigin námi. Þá var einnig bent á að skólinn þyrfti að auka val nemenda á viðfangsefnum og námsaðferðum og hlusta eftir sjónarmiðum nemenda varðandi skipulag náms og kennslu.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendalýðræði er virkt í skólanum með áherslu á samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í skipulagi skólafarsins og má þar nefna skólaþing og bekkjarfundir. Fram kom í rýnihópi kennara og viðtali við skólastjóra að tekið er tillit til hugmynda nemenda. Nemendur eru hafðir með í ráðum um ákvarðanir er snerta þá og þeir fá reglulega tækifæri til að ræða málefni sín með samnemendum á bekkjarfundum. Fram kom í rýnihópi nemenda að leitað er sjónarmiða þeirra um skólastarfið, líðan og samskipti en þeir gera sér þó ekki fulla grein fyrir hlutverki sínu og áhrifum sem þeir geta haft á námsumhverfið og námstillhögun. Tillögur þeirra hafa fyrst og fremst snúið að aðbúnaði, skipulagi og reglum. Fram kom í öllum rýnihópaviðtölum ánægja með bekkjarfundum og skólaþingum.

Nemendafulltrúar í skólaráði og öðrum nefndum skólans fá ekki sérstaka þjálfun til þeirra starfa. Þá er ekki til skráð eða formlegt verklag um hvernig kjörnir fulltrúar nemenda koma upplýsingum um störf sín til annarra nemenda skólans. Í úttekt ytra mats á skólanum árið 2012 kom fram ábending um að bæta þyrfti aðgengi að upplýsingum um umræður og ákvarðanir ráða og/eða nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja.

Styrkleikar

- Námsvísar og markmið náms eru greinargóð og byggja á stefnu skólans og aðalnámskrá.

- Skólastjóri og kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður náms til að efla framfarir og nám nemenda.
- Stefna skólans um kennsluhætti var almennt sýnileg í vettvangsathugunum.
- Fagmennska og kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg.
- Stefna um sérstakan stuðning við nemendur er birt á heimasíðu.
- Fjórir þættir í könnun Skólapúlsins eru yfir landsmeðaltali en þeir eru ánægja af lestri, áhugi á stærðfræði, agi í tímum og samband nemenda við kennara.
- Ánægja foreldra með nám og kennslu er marktækt fyrir ofan landsmeðaltal í könnun Skólapúlsins.
- Umsjónarkennari veitir foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- Samskipti á milli nemenda og kennara eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð til að efla lýðræðisleg vinnubrögð meðal nemenda á bekkjarfundum og skólaþingum.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í námi og kennslu nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Skrá í námsvísa og kennsluáætlanir hvernig tilhögun og framkvæmd námsaðlögunar og stuðnings er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.
- Gera formlega áætlun um hvernig bregðast skuli við niðurstöðum prófa og skimana og setja fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í námsvísu og skólanámskrá.
- Vinna markvisst með grunnþætti menntunar og markmið í námi og kennslu jafnframt því að þjálfa nemendur í að meta eigin framfarir í námi.
- Skýra betur og setja fram verkáætlun um sérstakan stuðning, námsaðlögun og einstaklingsnámskrá í samræmi við stefnu skólans.
- Vinna einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða að markmiðum, endurmats og árangurs og hafa foreldra og nemendur með í ráðum þar sem við á.
- Efla og þjálfa nemendur í að gera sér betur grein fyrir hlutverki sínu og áhrifum sem þeir geta haft á námsumhverfið og námstilhögun.
- Huga að virkum námstíma nemenda í kennslustundum.
- Gæta þess að kennslustundafjöldi í námsgreinum uppfylli viðmiðunarstundaskrá.
- Huga að því að nemendur í tónlistarnámi missi ekki ávallt af kennslustundum í sömu námsgrein.
- Vinna með og efla námsvitund nemenda hvað varðar áhugasvið, hæfileika, námsstíl og trú á eigin námsgetu.
- Þjálfa nemendur til að taka þátt í skólaráði og öðrum nefndum á vegum skólans.
- Skrá og birta formlegt verklag um það hvernig fulltrúar nemenda í stjórnnum og nefndum koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Innra mat er álitíð mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu. Á heimasíðu skólans undir liðnum „Áætlanir – mat á skólastarfi“ má finna áætlun um innra mat skólans, þar sem fram koma helstu leiðir sem skólinn nýtir til að meta starfið, matsáætlun skólaársins 2020–2021 ásamt langtímaáætlun til næstu fjögurra ára. Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum og er áætlað að meta þau markvisst og reglubundið. Þar kemur einnig fram hvernig meta á nám, framfarir og árangur nemenda ásamt mati á fjölbreyttum kennsluháttum. Skólinn hefur með þessari matsáætlun uppfyllt ábendingu frá ytra mati árið 2012 hvað varðar skammtíma- og langtímaáætlun um innra mat. Í fyrra mati kom einnig fram að skilgreina þyrfti árangur fyrir hvert markmið. Í núverandi matsáætlun koma ekki fram með skýrum hætti skilgreind viðmið um þann árangur á markmiðum sem stefnt er að í innra mati.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð skólastjóra. Matsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila er ekki til staðar en í viðtali við skólastjóra kom fram að matsáætlanir hafi verið lagðar fyrir skólaráð og skólanefnd til umsagnar og ákvörðunar. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati, svo sem niðurstöður samræmdra prófa, lesskimana og viðhorfskannana Skólalúpsins fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn. Allir viðburðir og uppbrotsdagar eru metnir af kennurum að þeim loknum og skráð er hvernig framkvæmdin gekk og að hverju þarf að huga við undirbúning að ári. Sjá má í matsáætlun að innra matið byggir á fjölbreyttri gagnaöflun sem hæfir þörfum skólans. Þar kemur ekki fram hvernig og hvenær aðferðir og reynsla við innra mat er metin.

3.3 Umbætur

Áætlanir skólans um innra mat, umbætur og þróunarstarf byggja á virku innra mati og gögnum. Þar koma fram upplýsingar um innra matið og framkvæmd þess. Greinargerð þar sem fjallað er um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta er ekki til staðar en í matsáætlun kemur fram með hvaða hætti eigi að meta stefnuna og helstu viðfangsefni skólans. Fram kom í viðtali við skólastjóra og í rýnihópaviðtali við skólaráð að niðurstöður úr innra og ytra mati eru formlega kynntar og þær ræddar meðal hagsmunaaðila í skólaráði og skólanefnd. Umbótaáætlun og greinargerð um mat á innra mati eru ekki til staðar.

Styrkleikar

- Innra mat er álitíð mikilvægt og bera matsáætlanir þess merki.
- Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu og viðfangsefnum skólans.
- Í matsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Fyrir liggur skammtíma- og langtímaáætlun um innra mat.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila sem koma að skólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Nýta markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur og upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur.
- Meta stefnu skólans með skilgreindum viðmiðum um árangur fyrir hvert markmið.
- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.